

Fjallskilanevnd Ölfus

Fundur Fjallskilanevndar Ölfus haldinn á Stuðlum 08.06.2023 kl: 17:30.

Mætt eru Björn Kjartansson formaður, Halldór Guðmundsson varaformaður, Baldur Guðmundsson varamaður, Páll Stefánsson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Snorri Þórarinnsson.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Formaður býður fundarmenn velkomna og setur fund.

1. Erindi barst frá Lögmanni Magnúsar á Vatnsenda í Kópavogi. Sem kannar hvort bændur í Reykjavík og Kópavogi geti rekið kindur sínar með Ölfusingum að Húsmúlarétt.

Fjallskilanevnd Ölfus tekur jákvætt í erindið og er tilbúin í samtal varðandi framhaldið, en eining verður að vera fyrir hendi um þessar breytingar hjá bændum í Kópavogi og Reykjavík.

2. Erindi barst frá Friðriki hjá Girðingarþjónustunni með athugasemd um breytingu á girðingunni við Svörtugljúfur vegna Zip-línu Kambagils.

Nefndin tekur jákvætt í þessa breytingu sem felur í sér að láta á þá lausn reyna til haustsins 2024 að sleppa því að heilgirða norðan gljúfurs en áskilur sér rétt til breytinga ef illa reynist, í samstarfi við Kambagil.

3. Erindi til Sveitarstjórna vegna ágangs búfjár – minnisblað sambandsins -Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Sigurbjörg Jónsdóttir
Halldór Guðmundsson
Páll Stefánsson
Baldur Guðmundsson
Snorri Þórarinnsson
Björn Kjartansson